



BRYGGJUHÁTÍÐ

Við flautum enn og aftur til leiks.

Sunnudaginn 16. júní 2019 kl. 20.00-24.00.

Nú færum við okkur um set og verðum nær bryggjunni. Við verðum í skjóli Kjarnafæðis, sunnanundir vegg, beint upp af höfninni. Hátíðin verður utandyra eins og áður. Klæðnaður eftir veðri.

Sjáumst hress og kát. Maður er manns gaman.

Svuntubarinn verður á sínum stað.

Bátarnir góðu...fullir að gotterfi.

Kvenfélag Svalbarðsstrandar
Svalbarðsstrandarhreppur
Kjarnafæði

ÁLFABORG

Við í útiskólanum erum byrjuð á að týna rusl út fjörinni. Við hreinsum frá vitanum út að Hamri og hrúgurnar sem við skiljum eftir við veginn verða fjarlægðar þegar við erum komin alla leið. Í þessum hrúgum er stóra ruslið sem erfitt er fyrir okkur að rogast með en allt hið smáa berum við upp í skóla og losum jafnóðum. Í gegnum árin hefur okkur fundist sem ruslið sé að minnka en auðvitað getum við lítið sagt um það því vindar og hafstraumar stjórna miklu um hvað berst á land.

Þekking barnanna á skaðsemi ruslsins eykst mikið við þetta og þau eru dugleg að tína upp það rusl sem verður á vegi þeirra alla daga.

Dilla

BÓKASAFN

Bókasafn Lestrarfélags Svalbarðsstrandar er á skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps við Valsárskóla. Það er opið á mánudögum 17:00–19:00, en þess utan er hægt að komast á safnið þegar skrifstofan er opin.

Allir velkomnir að kíkja á safnið.

FJÁRÖFLUN 8.-10. BEKKJAR

Krakkarnir í Valsárskóla 8.- 10. bekkur eru að safna fyrir útskriftarferðinni sinni ásamt skólafélögum úr Valsárskóla. Þau erum með þennan salernispappír til sölu:

WC pappír 48 stk á 7.000.-

WC pappír 24 stk á 3.500.-

Kirkland WC pappír 40 rúllur á 5.000.-

Gæðapappír sem er keyrður heim að dyrum!

Endilega hafið samband við Fjólu Þórhalls, Smáratúni 1, í síma 892-0773.

NÆSTU RUSLADAGAR

16. maí - Gráa / brúna tunnan

23. maí - Græna tunnan

29. maí - Gráa / brúna tunnan

6. júní - Gráa / brúna tunnan

13. júní - Græna tunnan

Ströndungur kemur næst út fimmtudaginn 13. júní.

Skilafrestur er til kl. 15:00 þriðjudaginn 11. júní.